

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2004 Starfsárið 2003-2004

Stofnun Íslenska vitafélagsins

Fyrir réttu ári eða þann 26. apríl 2003 var Íslenska vitafélagið stofnað. Stofnfélagar voru yfir 70 og meðal þeirra má finna stofnanir eins og Húsafriðunarnefnd, Siglingastofnun, Þjóðminjasafnið, Fornleifavernd, minjasöfn á landsbyggðinni, auk einstaklinga. Einu aðilarnir sem við, sem stóðum að því að hrinda þessu í framkvæmd, söknuðum og söknum enn eru fyrirtæki og sveitarfélög. Þessir aðilar hafa enn ekki sýnt sig en vonandi kemur að því. Einstaklingum í félaginu hefur hins vegar fjölgað á þessu ári sem liðið er frá stofnðegi.

Þetta fyrsta ár félagsins hefur að sumu leyti borið einkenni barnsins, verið eilítið fálmandi og fæturnir borið það hægar yfir en hugurinn. En óneitanlega hefur þetta ár einnig verið viðburðaríkt og gefandi. Í lok maí fór Sigurbjörg Árnadóttir, formaður félagsins, ásamt Magnúsi Skúlasyni, forstöðumanni Húsafriðunarnefndar ríkisins og Guðmundi L. Hafsteinssyni, arkitekt, til Noregs á norræna ráðstefnu um vita. Ég held mér sé óhætt að fullyrða að ég mæli fyrir munn okkar allra þegar ég segi að þessi ráðstefna hafi gefið okkar nýja sýn, aukið skilning okkar á eigin menningarverðmætum og veitt okkur kraft til að hefjast handa.

Friðun vita

Magnús Skúlason er mesta hamhleypan okkar allra og afrekaði það að láta gera úttekt á vitum landsins í fyrrasumar og -haust og sjá til þess að sjö þeirra voru friðaðir þann 1. desember 2003. Það var gert í Gróttuvita að viðstöddu fjölmenni: ráðherrum mennta- og samgöngumála, forstjóra Siglingastofnunar, formanni Norska vitafélagsins, sem mættur var fyrir hönd norrænna vitafélaga og margra annarra góðra gesta. Við þetta tækifæri stóð Íslenska vitafélagið að flóðlýsingu á Gróttuvita. Hugmyndina áttu starfsmenn Siglingastofnunar en brúsann borguðu Landsbanki Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Samskip, Grandi, Seltjarnanesbær, Atlantsskip og Ísaga. Almenn held ég að fólk hafi fagnað þessu uppátæki og ég hef hitt marga sem átt hafa leið um náttmyrkur himinhvolfanna og haft hafa orð á því hversu vel vitinn taki sig út ljósumprýddur á jörðu niðri. Einnig var Orkuveitan svo hrifin af þessu uppátæki að hún tilnefndi vitann sem eina bestu jólaskeytingu landsins. En aldrei er það svo að öllum líki og tvo menn veit ég um sem voru þessu uppátæki mjög svo mótfallnir og grétu náttmyrkrið við sjávarsíðuna.

Vitasafn

Eitt af því fyrsta sem stjórn félagsins velti vöngum yfir og reyndar velta þeir svolítið enn, var að koma á fót vitasafni. Horft var til Garðsskagavita í því sambandi og hjá sveitastjórnarmönnum og Ásgeiri safnverði á Byggðasafninu í Garði var hugmynd okkar mjög vel tekið. Málið hefur mjakast þannig að við höfum nú að markmiði að koma þarna upp fyrsta vísi að vitasafni og gælum við þá hugmynd að geta opnað um Jónsmessuna í ár. Siglingastofnun hefur

lagt stærstu lóðin á þessa vogaskál með munum og aðgangi að þeim þekkingarbrunni sem starfsmenn hennar eru.

Tilraunir til vitaheimsóknna

Það sem helst hefur vantað hjá félaginu er að hrista saman þennan ágæta hóp. Á haustdögum gerði stjórn félagsins fyrstu tilraunina til þess og auglýsti vitaleiðangur um suðurströnd landsins. Skemmst er frá því að segja að eftir öll hátíðarhöld sumarsins, menningarnætur, ljósanætur og aðrar vökunætur þá hafði ekki nokkur sála áhuga á slíku. Önnur tilraun var gerð í vor en þá var fólki stefnt upp á Akranes. Sú tilraun fór einnig út um þúfur þar sem heimamönnum þótti við ekki alveg með réttu ráði að ætla fólki upp á Skaga í því aftakaveðri sem Veðurstofan hafði spáð. Öllu skrallinu var því aflýst en veðurguðirnir sýndu hins vegar sínu bestu hliðar þennan dag og ekki blakti hár á höfði á Akranesi, þar sem þeir fáu sem ekki fengu afboðun lágu í sólbaði.

Ég er þó sannfærð um að þetta á eftir að verða samhentur hópur og afkasta miklu því næg eru verkefni. Framundan er viðburðaríkt sumar með tveggja vikna dagskrá við vita landsins. Að þessum undirbúningi hefur félagið staðið ásamt sveitafélögum á Siglufirði, Seyðisfirði, Göltunum á Galtarvita, Listasumri á Akureyri, norskum bátaeigendum og tónlistarmönnum.

Um leið og stjórn félagsins þakkar liðið ár væntum við þess að sjá ykkur sem flest á þessum viðburðum sumarsins og í nefndarstörfum á vegum félagsins.

Sigurbjörg Árnadóttir
formaður